



389. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 15. febrúar 2012 kl. 11:45. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Þuríður Backman, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Björgvin G. Sigurðsson (í fundarsíma), Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Sigurður Ingi Jóhannsson mætti kl. 12:00.

Þetta gerðist:

1. Fullnaðarhönnun verðlaunatillögu

Átta tillögur bárust í samkeppni Þingvallanefndar um hönnun gönguleiðar í Kárastaðastíg og var það samdóma álit dómnefndar að allar tillögurnar hafi verið unnar af miklum metnaði og fagmennsku, þrátt fyrir þröng tímamörk. Tillögurnar bera vott um mikla hugmyndaauðgi og góðar lausnir.

Í dómnefnd sátu Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður og formaður dómnefndar, tilnefndur af Þingvallanefnd, Birna Lárusdóttir fornleifafræðingur, tilnefnd af Þingvallanefnd og Borghildur Sturludóttir arkitekt FAÍ, tilnefnd af Arkitektafélagi Íslands. Ráðgjafi dómnefndar var Hjörleifur Stefánsson arkitekt FAÍ og trúnaðarmaður skipaður af AÍ var Haraldur Helgason arkitekt FAÍ.

Höfundar tillögunnar sem hlaut 1. ferðlaun eru Studio Granda arkitektar og Efla hf. verkfræðistofa. Umsögn dómnefndar er eftirfarandi: „Tillagan er einföld, skýr og vel framsett. Efnisval og frágangur taka mið af þeim lausnum sem nú þegar eru til staðar uppi á Hakinu. Stígurinn liggur þétt við klappir og annað undirlag í sprungunni og lagar sig að nokkru leyti að legu hennar án þess þó að þekja hana eða draga athygli að henni um of. Lausn sem er áreynslulaus, fellur vel að umhverfi og mannvirkjum sem fyrir eru og þjónar vel ferðamönnum sem ganga um stíginn.“

Þingvallanefnd lýsir yfir ánægju með samkeppnina og telur verðlaunatillöguna góða, einfalda og uppfylla þær kröfur að vera afturkræf að öllu leyti.

Þingvallanefnd samþykkir að fela þjóðgarðsverði að ganga til samninga við höfunda um fullnaðarhönnun meðfylgjandi tillögu þeirra sem hlaut 1. verðlaun í framkvæmdasamkeppni nefndarinnar um frágang gönguleiðar í Almannagjá. Drög að samningi verða kynnt nefndarmönnum strax og þau liggja fyrir.

2. Hvar á að reisa „nýja Valhöll“?

Hugmyndaleit Þingvallanefndar meðal almennings skilaði yfir 20 tillögum um endurreisn Valhallar í einhverri mynd og byggingu veitinga- og gistihúss á ýmsum stöðum í þjóðgarðinum. Þá eru ótaldar hugmyndir um ráðstefnu- eða fundaraðstöðu, m.a. fyrir setningu Alþingis og til móttöku gesta þingsins og ríkisins.

Þingvallanefnd samþykkir að fela þjóðgarðsverði að undirbúa samkeppni um staðarval fyrir „nýja Valhöll.“ Í kjölfar hennar verði haldin hönnunarsamkeppni um byggingu á þeim stað sem fyrir valinu verður.

Mikilvægt er að staðarval fyrir nýbyggingu af þessu tagi byggist á vandlegri skoðun og að leitað verði til sem flestra um tillögur þar um. Sýna verður hvernig koma megi fyrir tilteknum byggingarmassa á staðnum sem og nauðsynlegar breytingar á skipulagi og vegakerfi ef þörf krefur. Byggingin þarf að vera hógvær og ganga ekki gegn náttúru eða svipmóti þjóðgarðsins og Þingvalla.

Þjóðgarðsverði er falið að leggja fram minnisblað um hvernig standa megi að staðarvali með þessum hætti.

ÞKG lagði til að Þingvallanefnd myndi halda vinnu- og hugarflugsfund þar sem starfsmenn þjóðgarðsins, arkitektar, dómnefnd hugmyndleitar og fleiri aðilar yrðu fengir til að koma með tillögur. Samþykkt.

3. Erindi vegna Bratta.

Lagt var fram erindi frá formanni fjallaklúbbsins Ísalp, þar sem óskað heimildar Þingvallanefndar til að flytja skála félagsins, Bratta, til byggða og aftur á sinn stað eftir að gagngerum endurbótum á skálanum lýkur.

Skálinn Bratti er í Súlnadal og umlukinn bröttum hlíðum Botnsúlna á alla vegu. Að skálanum liggur enginn vegur. Gert er ráð fyrir að skáinn verði færður í upprunalega mynd og stækkaður lítilega. Ísalp hefur send erindi til byggingarfulltrúa Bláskógabyggðar og hefur hann sent þjóðgarðsverði ýmis gögn um skálann, m.a. stöðuleyfi og samninga um staðsetningu skálans í dalnum. Þessi gögn eru lögð fram á fundinum.

Erindi Ísalp samþykkt með þeim fyrirvara að ekki verði spjöll á náttúru og umhverfi. Leigusamningur verði gerður við Ísalp um veru skálans í landi þjóðgarðsins, til samræmis við aðrar leigulóðir í þjóðgarðinum.

4. Erindi vegna kaffivagns.

Erindi Heiðar H. Hreiðarsdóttur og Orra D. Guðnasonar, dags. 31.1.2012 og 11.12.2011 tekið fyrir að nýju. Óskað er eftir rekstrarleyfi til 2ja ára fyrir kaffivagn í þjóðgarðinum sem eins konar tilraunaverkefni í samstarfi við Þingvallanefnd.

Þingvallanefnd fellst ekki á erindið og áréttar niðurstöðu síðasta fundar nefndarinnar um nauðsyn þess að móta reglur um rekstur einkaaðila í þjóðgarðinum

5. Stjórnskoðunarsetur á Þingvöllum

Þjóðgarðsvörður leggur fram minnisblað dags. 15.2.2012, varðandi hugmynd að stjórnskoðunarsetri á Þingvöllum en slík starfsemi gæti tengst þeim mikla vexti og áhuga sem er á norðurljósaskoðun í þjóðgarðinum. ÞVN heimilar þjóðgarðsverði að ræða við forsvarsmenn Stjórnskoðunarfélags Seltjarnarness og veita nefndinni frekari upplýsingar um starfsemina.

6. Önnur mál.

Afgreiðsla milli funda. Hinn 28. desember 2011 lagði formaður tvær tillögur fyrir Þingvallanefnd í tölvupósti. Eftir nokkur bréfaskipti var eftirfarandi samþykkt í tölvupósti hinn 30.12.2011.:

- Þjóðgarðsverði er falið að setja af stað framkvæmdasamkeppni sem er auglýst í fjölmiðlum og opin öllum sem rétt hafa til að skila teikningum til bygginganefndar. Til að spara tíma verði áskilið að dómnefnd fmuni ekki veita umsögn nema um ca 10 tillögur. Miðað er við að verklok verði fyrir 1. maí 2012 og gönguleiðin um Kárastaðastíg verði opnuð í maímánuði.

- Í dómnefnd af hálfu Þingvallanefndar voru skipuð Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðs-
vörður og Birna Lárusdóttir fornleifafræðingur.

Þessar ákvarðanir eru færðar til bókar á 389. fundi ÞVN.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.50.